HAFNARFJÖRÐUR

5. **Fundur með menntaleiðtogum leikskóla Hafnarfjarðar haldinn á Teams þriðjudaginn 27. apríl 2021.**

   Alls sátu 17 manns fundinn.

Dagskrá fundar

1. **Vinna við gerð menntastefnu**
   Áætlun við næstu skref við mótun menntastefnu. Kristín og Fanney Dóróthe kynna tímalínu og næstu skref. Gylfi Dalmann dósent við HÍ og sérfræðingur í stefnumótun hefur verið fenginn til að leiða áframhaldandi vinnu við gerð menntastefnunnar.

   Stefnt er að því að fá aðkomu skólasamfélagsins, nemenda og kennara við gerð menntastefnunnar og safna upplýsingum og gögnum sem unnið verður áfram með í haust. Menntaleiðtogar fá kynningu á þeim spurningum sem lagt verður upp með.